

III. KAFLI

Eftirlit og mat á árangri tilraunar.

9. gr.

Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa heldur saman upplýsingum um framkvæmd samþykktar þessarar. Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fylgist með framkvæmd starfsleitaráætlana og náms- og starfsúrræða. Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa mun senda Vinnumálaskrifstofu ársfjórðungslega greinargerð þar að lútandi sem Vinnumálaskrifstofa mun kynna fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og ráðgjafarnefnd Vinnumálaskrifstofu. Í lok tilraunatímabils munu fulltrúar félagsmálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Reykjanesbæjar meta í sameiningu árangur tilraunar. Úttektaraðili skv. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög mun einnig fylgjast með framkvæmd tilraunar og meta í lok tilraunatímabils hvernig til hefur tekist.

Ofangreind samþykkt sem gerð er af bæjarstjórn Reykjanesbæjar skv. 1. mgr. 7. gr. laga um reynslusveitarfélög og felur í sér frávik frá 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun og 18. og 20. gr. laga nr. 93/1993 um atvinnuleysistryggingar, staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. mgr. 7., sbr. og 12. gr. laga nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög, til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 1997 og til og með 31. desember 1999.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 1996.

Páll Pétursson.

REGLUGERÐ**um ábyrgðargjald atvinnurekenda.**

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda í ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota skal árið 1997 vera 0,08% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 1996.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.